





Vladimir Velikovic (Júgóslavía) – Fig Su2 (steinþrykk).



Tadeusz Nuckowski (Pólland) – Shangri-La (dúkrista).



Per Kleiva (Noregur) – Ég vildi gjarnan vita (sáldþrykk).



Jordi Arkö (Svíþjóð) – Tvöföld grima (þurrnál).

skipt meðal ræðumanna. Sumir gerðu lítið annað en að sýna nokkrar skyggnur af grafíkverkum frá heimalandi sínu og muldra nokkur almenn orð um hana í barm sér, meðan aðrir, til dæmis Outi Heiskanen frá Finnlandi og Kenneth Tyler frá Bandaríkjunum, settu á svið meiri háttar skyggnulýsingar.

Grafíkgjörningur

Það var líka tilbreyting að því uppátæki tveggja austur-þýskra grafíklistamanna, þeirra Michael Kunert og Wolfgang Henne, að sleppa alveg skyggnum en fremja þess í stað gjörning við tónlist Beethovens.

Gjörningurinn fólst í því að þeir rituðu ýmiss konar athugasemdir um grafík í Austur-Þýskalandi á pappírsarkir sem þeir síðan dreifðu um gólfid. Í leiðinni létu þeir sýningarskrár og bækur um austur-þýska grafíklist ganga meðal fundargesta.

Það fór heldur ekki hjá því að margháttadur fróðleikur um stöðu grafíkur í nágrannalöndum vorum síadist inn í viðstadda.

Af máli Franc Bordas, grafíklistamanns og grafíkútgefanda, mátti ráða að Frakkar héldu enn upp á grafík og hefðu sett upp nokkuð góða vinnu-aðstöðu fyrir grafíklistamenn víða um Frans.

Rosemary Simmons, framkvæmdastjóri þekktra grafíkssamtaka í Bretlandi, hafði aðra sögu að segja. Þar í landi fá ungir listamenn nokkuð góða menntun í grafíklistum, en þegar út í lífið kemur uppgötva þeir að hvergi á Bretlandseyjum, nema þá kannski í Skotlandi, er aðstöðu til grafíkvinnu að finna, nema hjá þeim fyrirtækjum sem sérhæfa sig í prentun „lúxus“-grafíkverka fyrir Ameríkumarkað eftir listamenn á borð við Hockney, Hamilton, Caulfield, Denny og aðra slíka.

„Stundum finnst mér við Bretar vera óttalegir barbarar í menningarmálum. Enda sýndi nýleg skoðanakönnun að innan við 2% almennings í Bretlandi hefði nokkurn áhuga á myndlist, hvað þá á grafík“, sagði Rosemary Simmons að lokum.

Grafíkbylgjan fyrir bí

Þýski grafíklistamaðurinn Malte Sartorius gat í erindi sínu teft fram talsverðum fjölda ágætra grafíklistamanna en sagði samt að grafíkbylgjan mikla, sem reið yfir þýska velmegun upp úr 1970, væri nú fyrir bí. Nú væri svo komið að ef þýskir grafíklistamenn þyrftu að fá þrykkt á stein fyrir sig yrðu þeir að fara yfir til Frakklands því engin áreiðanleg steinþrykksverkstæði væri að finna í Þýskalandi.

Síðan var fróðlegt að bera saman tvo menningarheima, eins og þeir birtust í löngu erindi Ken Tylers, forstjóra Tyler Graphics, og stuttri kynningu

tékkneska grafíklistamannsins Ondrej Michalek á grafík í Tékkó.

Tyler, sem Sven Robert Lundquist fundarstjóri kallaði „Björn Borg grafíklistarinnar“, sagði frá verkstæði sínu, sem er líkast til það stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum. Þar fá frægir listamenn, eins og Motherwell, Hockney, Stella og fleiri, að leika sér eins og þeir vilja með nýjustu tækni prentiðnaðarins. Nú er meðal annars farið að skera út skapalón með leysigeislum.

Tyler Graphics lifir síðan á því að selja þá grafík og fjölgervinga (multiples) sem listamennirnir framleiða þar. Þarna var augljóslega á ferðinni „big business“ og Tyler er fagmaður af Guðs náð, en einhvern veginn fannst manni handverkið, inntakið og ýmislegt fleira í grafík hafa vikið fyrir tækniþrellum og sölumennsku.

Síðan stóð upp Michalek frá Tékkó, sem sennilega hafði aldrei séð vökvapressur notaðar við grafíkprentun, og

sagði á látlausan hátt frá sýslan tékkneskra grafíklistamanna.

Þar í landi ræður handaflíð ríkjum í grafíkinni og áhorfandinn kemst í beint samband við listamanninn gegnum handbragðið á verkum hans.

Grafík er líka áriðandi í Tékkó og listamenn þar meistarar í að tala við áhorfendur sína undir rós um það sem er að gerast í þjóðfélaginu.

Mörgum spurningum ósvarað

Fundur að Kjarvalsstöðum enduðu síðan með því að Donald S. Farnsworth, fulltrúi frá Alþjóðlega grafíkráðinu, skýrði frá áformum um að koma upp tölvuvæddum upplýsingabanka um alþjóðlega grafík.

Þetta fannst flestum sniðugt, nema sænskum listamanni, sem taldi brýnna að eyða peningum í að bæta vinnu- aðstöðu grafíklistamanna víða um heim.

Þetta var sem sagt ekki slæm törn með elskulegu og málsmetandi fólki.

Í lok ráðstefnunnar var ýmsum spurningum samt ósvarað. Til dæmis: Hvers vegna er staða grafíkur í heiminum verri nú en hún var fyrir 15 árum? Hafa hinir stóru grafíkbiennalar og -triennalar haft góð eða vond áhrif á þróun grafíkur á undanföllum árum? Er tæknin að verða að inntaki í grafíklist? Hvers vegna er grafík að verða stærri og stærri (sjá Tyler)? Á að takmarka upplagsstærðir og gútera einþrykk? Og svo framvegis.

Kannski var þessum spurningum velt upp að Kirkjubæjarklaustri, hvað veit ég.

Hinir fjölmörgu útlendu gestir sáu til þess að ráðstefnan var fjölsótt. En undarlegt sinnuleysi fannst mér þeir sýna, starfsbræður mínir, svo og íslenskir grafíklistamenn, ungir sem eldri, að láta ekki sjá sig þessa tvo daga sem ráðstefnan stóð yfir.

Glæsileg

Hvað svo með sjálfa sýninguna? Hún er í einu orði sagt glæsileg. Sú ákvörðun (og sennilega þörf) framkvæmda- nefndar að velja nöfn („fræga listamenn“), fremur en verk, missir stundum marks. Bandaríski leirlistamaðurinn Robert Arneson er til dæmis slappur í grafík, og þekktur Frakki, Gérard Titus-Carmel, er hér ekki upp á sitt besta.

Nokkrir aðrir erlendir listamenn eru bæði lítt þekktir og slappir, til að mynda Bandaríkjamaðurinn Leonard Leher, landar hans Michael Mazur og Roy W. Ragle, og kanadísk listakona, Margaret May.

Sú viðleitni framkvæmdanefndar að halda jafnvægi milli landa ber heldur ekki alltaf góðan ávöxt. Til dæmis nær færeyski fulltrúinn, Amariel Norðoy, ekki alveg alþjóðlegum gæðastaðli.

En þarna eru líka listamenn sem prýða mundu sérhverja alþjóðlega sýningu á grafík, Bandaríkjamaðurinn John Buck (trérista), samlanda hans og fyrstuverðlaunahafi á sýningunni, Karen Kunc (trérista), Outi Heiskanen (æting og akvatinta), Ulla Rantanen (steinþrykk), Herman Gerdink (steinþrykk), Richard Gorman (steinþrykk), Riccardo Licata (æting og akvatinta), Boris Jesih (litað steinþrykk), Yngve Næsheim (trérista), Stanislaw Fjalkowski (dúkrista), Tadeusz Nuckowski (dúkrista), Jacek Sroka (æting), Rosa Tarruella (þurrnál), Jiri Anderle (æting), Wolfgang Troschke (sáldþrykk) og fleiri.

Í næstu viku gefst væntanlega tækifæri til að ræða frekar um ýmsar forsendur og þætti þessarar sýningar.